Nd. **466. Breytingartillögur**

við frv. til laga um ófriðun sels i Ölfusá.

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. Við 2. gr. Aftan við 2. málslið bætist: sbr. þó 3. gr.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. gr., svo látandi:

Þegar næst verða prestaskifti i Arnarbæli, falla niður bætur til ábúanda þeirrar jarðar fyrir missi selveiðinytja. En meðan núverandi prestur hefir ábúðarrjett á jörðinni, skulu bætur til hans greiddar úr ríkissjóði.

(Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.)

Greinargerð.

Með breytingum þessum er frv. fært i samt lag og það fór hjeðan úr deildinni. Þess misskilnings hefir orðið vart, að hjer sje um bætur að ræða

til veiðieiganda úr rikissjóði. Svo er alls ekki. Hjer ræðir um það eitt, að rikissjóður hætti að hafa tekjur af friðun sels i einhverri bestu laxá landsins, bændum til óþurftar og landinu til litils sóma. Nú er laxklak stundað af kappi af laxveiðieigendum, en það er ofraun að ætlast til, að það sje gert til að fóðra rikisselinn fyrir Arnarbælislandi.